

## Afstaða ASÍ til sjávarútvegsfrumvarpa

Gylfi Arnbjörnsson  
Forseti ASÍ  
25. apríl 2012

## Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

### Veikleikar frumvarpsins

- ASÍ telur að of langt sé gegnið í frumvarpinu í sértækum aðgerðum sem veikja rekstargrundvöll sjávarútvegsins.
- Skammsýni felst í því að banna með öllu framsal að 20 árum liðnum.
- Of stór hluti aflahlutdeilda fer í flokk 2 en það er sá hluti kerfisins þar sem hagkvæmni er minnst.
  - Aukningin á flokki 2 er með beinum eða óbeinum hætti tekin af flokki 1.
  - Slík tilfærsla dregur úr atvinnuöryggi þeirra sem starfa við sjómennsku og fiskvinnslu að aðalstarfi
  - Og veikir getu greinarinnar til að greiða sérstakt veiðigjald sem tryggir þjóðinni eðlilega hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlindarinnar getur skapað.

### Veikleikar frumvarpsins (frh.)

- Óásættanlegt að 40% af aukningu aflahlutdeilda umfram ákveðin mörk í ákveðnum tegundum renni í flokk 2.
- Óheppilegt er að 3% af þeirri aflahlutdeild sem framseldar eru renni í flokk 2.
- Gert ráð fyrir óbreyttum strandveiðum þrátt fyrir að þær séu óhagkvæmar og rókin að baki þeim séu enn veikari eftir að hluta aflamarks verður ráðstafað í gegnum kvótaþing.
- Nýliðun í gegnum kvótaþing erfið þar sem um ársleigu á aflamarki er að ræða og fjárfestingar því erfiðar sökum óvissu.
- Ekki eru skýrar reglur um það hvernig staðið verður að leigu aflamarks á kvótaþingi.
- Búið er að fella brott ákvæði um að kjarasamningur sé skilyrði fyrir úthlutun.

### Tillögur til úrbóta

- Fallið verði frá því að fyrstu 4.500 tonn af mögulegri aflaaukningu í þorski umfram 177.00 tonn renni í flokk 2.
- Fallið verði frá að 40% af aukningu aflahlutdeilda umfram ákveðið mark í ákveðnum tegundum renni í flokk 2. Þess í stað verði flokkur 2 til framtíðar ákveðið hlutfall af heildaraflahlutdeild í viðkomandi tegundum.
- Strandveiðipottur í núverandi mynd verði aflagður og sú aflahlutdeild sem sett hefur verið í strandveiðipottinn verði ráðstafað í gegnum kvótaþing.
  - Slík ráðstöfun er eðlileg þar sem ná má þeim markmiðunum sem sett voru með strandveiðipottinum í gegnum kvótaþing.
  - Að auki auðveldar það eðlilega verðmyndun á kvótaþingi.

### Tillögur til úrbóta (frh.)

- Þannig verði gengið frá reglum um leigu aflamarks á kvótaþingi að hægt verði að leigja aflamark til lengri tíma en eins árs til að auðvelda fjárfestingar og þar með nýliðun í greininni.
- Fallið verði frá því að 3% af þeim aflaheimildum sem framseldar verða fari í flokk 2. Þess í stað má skattleggja sérstaklega þær tekjur sem fást við slíkt framsal.
- Sett verði inn skýrt ákvæði um að eitt af skilyrðunum fyrir úthlutun að í gildi sé kjarasamningur.

## Frumvarp til laga um veiðigjald

## Á hverju byggir gjaldtakan?

- EBITDA eða framlegð: Allar tekjur að frátöldum beinum rekstarkostnaði án afskrifta, vaxta og hagnaðar
- Rekstrarfjármunir sem bundnir í greininni auk birgða
- Árgreiðsla, sú fjárhæð sem á að dekkja afskriftir, vexti og hagnað:
  - Til áratuga var notuð 6% árgreiðsla sem grunn að gengisstefnu
  - Hér m.v. 8% af fastafjármunum bundnum í fiskveiðum
  - og 10% af fastafjármunum bundnum í fiskvinnslu
  - að viðbættu 20% álagi vegna búnaðar og tækja til fiskveiða
- Auðlindarenta = EBITDA - árgreiðslan
  - Horft til botnfiskveiða og -vinnslu og uppsjávarveiða og -vinnslu.
  - Leggst á reiknaða rentu bæði í veiðum og vinnslu
- Veiðigjaldið er 70% af þessari auðlindarentu


## Helstu tölur úr rekstri sjávarútvegs

	EBITDA	Fastafjármunir	Árgreiðsla	Nettó
2001	38.808	223.733	25.189	67.420
2002	27.150	239.950	20.632	8.118
2003	22.538	205.791	17.661	4.977
2004	18.989	214.417	18.605	354
2005	31.945	185.483	16.058	1.799
2006	24.757	194.534	22.342	7.115
2007	47.546	240.067	21.172	26.414
2008	63.638	314.950	28.893	34.945
2009	36.792	212.247	20.264	16.412

## Parf að horfa til eftirfarandi þátta



- Hvaða áhrif hefur þetta á launahlutfall fiskverkafólks og sjómanna í sjávarútvegi?
- Er framtíð sjávarútvegsfyrirtækjanna stefnt í voða með sérstaka veiðigjaldinu?
- Hvaða áhrif hefur sérstaka veiðigjaldið á þróun gengis og verðlags?
- Er þjóðin að fá sanngjarnan hlut í afrakstri þessarar mikilvægu þjóðareignar?

## Laun sem hlutfall af vinnsluvirði



## Framlegð (EBITDA) í sjávarútvegi alls





### Tekjur af auðlindagjaldi ofmetnar

	Samkvæmt frumvarpinu			M.v. 20% stærkari krónu		
Míjarðar króna	2012/13	2013/14	2014/15	2012/13	2013/14	2014/15
<b>Almanni gjald</b>	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000
<b>Sérstaki gjald:</b>						
- botnfalli	14.814	18.004	17.495	3.735	4.327	4.819
- uppjæverali	2.353	2.804	2.855	744	881	978
<b>Samtals</b>	<b>20.866</b>	<b>22.608</b>	<b>24.348</b>	<b>8.479</b>	<b>9.189</b>	<b>9.899</b>
All í flokki 2	-1.018	-1.120	-1.225	-281	-303	-344
<b>Samtals að 20% stærkari krónu</b>	<b>19.848</b>	<b>21.487</b>	<b>23.124</b>	<b>8.198</b>	<b>8.886</b>	<b>9.555</b>
Núverandi gjald	-4.500	-4.500	-4.500	-4.500	-4.500	-4.500
Láttun tekjustaðs	-3.070	-3.397	-3.725	-744	-877	-1.011
<b>Meðbærif á laukur ríkisgjóða</b>	<b>12.268</b>	<b>13.590</b>	<b>14.900</b>	<b>2.974</b>	<b>3.508</b>	<b>4.043</b>

- ### Niðurstöður
- Það að byggja auðlindarentuna sem hlutfall af framlegð að teknu tilliti til kostnaðar við fjárfestingar viðheldur hvatanum til að þróa og efla greinina
  - Það að skilgreina rýmri „árgreiðslu“ en áður var gert dregur úr áhrifum á gengi og verðlag
  - Ef gjaldmiðillinn fellur niður fyrir langtímafjárnægi færir umframverðmætin til þjóðarinnar en ekki fárra útgerðarmanna

- ### Niðurstöður (frh.)
- Gagnvart fiskverkaðli og sjómönnum mun sérstaka gjaldið ekki koma í veg fyrir að launahlutfallið hækki
  - Þrátt fyrir að eigendur sjávarútvegsfyrirtækjanna missi spón úr sínum aski mun afkoman í greininni áfram laða framtaksama atvinnurekendur að sér
  - Afkoma og samkeppnisstaða sjávarútvegs kallar ekki á veikingu gengis þrátt fyrir veiðigjaldið, því sami gjaldeyris kemur inn í þjóðarþúð og afkoman tryggð
  - Auðlindagjald sem hlutfall af framlegð tryggir þjóðinni hlut í afrakstri auðlindarinnar, en stjórnvöld ofmeta umfangið vegna tímabundins veikleika krónunnar



## Veikleikar



- Upplýsingar um afkomu og framlegð sem liggja til grundvallar útreikningi á fiskveiðirentunni byggja á gömlum gögnum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framreikna tekjur með verðlagsvísitölu sjávarútvegs, útgjöld með vísitölu neysluverðs og rekstrarfjármunir með byggingarvísitölu. Niðurstaða getur orðið á skjön við raunveruleikann.
- Nauðsynlegt að meta frekar áhrif veiðigjalda á gengi krónunnar og afkomu útgerðar.
- Óeðlilegt að ýta undir óhagkvæmar veiðar með afslætti af veiðigjaldi.
- Rækja og hörpudiskur eru felld undir botnfiskveiðar og vinnslu. Eðlilegra er að halda því aðskildu.

## Tillögur til úrbóta



- ASÍ leggur til að reglum um framreikning tekna og gjalda við ákvörðun veiðileyfagjaldsins verði breytt þannig að reikna veiðigjaldið m.v. það ár sem rekstarreikningur er gerður og framreikna það m.v. samsetta vísitölu m.v. vægi rekstrarliða.
- Skilgreina gjaldið sem grundvöll að fyrirframgreiðslu sem leiðrétt verði eftir á m.v. uppgjör Hagstofunnar á afkomu greinarinnar. Slíkt getur þá bæði leitt til endurgreiðslu eða frekari innheimtu sem byggð verður á raunverulegri framlegð og afkomu.

## Tillögur til úrbóta (frh.)



- ASÍ leggur til að farin verði ákveðin varúðarleið við útreikning sérstaka veiðigjaldsins.
  - Lagt er til að sérstaka veiðigjaldið byrji í 50% af fiskveiðirentunni í upphafi, 55% á öðru ári og 60% á þriðja ári.
  - Skipaður verði hópur sérfræðinga til að meta áhrif veiðigjaldsins á greinina og gengið til langframa áður en ákvörðun verði tekin að ganga alla leið með 70% hlutdeild.
- ASÍ leggur til að veiðigjald verði greitt af öllum heimildum þannig að fallið verði frá því að undanskilja fyrstu 30 þorskígildistönnun veiðigjaldi og því að af næstu 70 þorskígildistönnum greiðist aðeins hálf gjald.